


OECD *Multilingual Summaries*  
**Economic Policy Reforms 2013. Going for Growth**  
*Summary in Icelandic*



Read the full book on: [10.1787/growth-2013-en](https://doi.org/10.1787/growth-2013-en)

---

## **Endurbætur á efnahagsstefnu árið 2013. Stefnt að vexti**

*Útdráttur á íslensku*

- „Stefnt að vexti“ byggir á sérfræðipækkingu OECD á endurbótum á efnahagsstefnu og efnahagslegri frammistöðu sem miðar að því að gefa stefnumótunaraðilum haldbær ráð um svið þar sem endurbóta er þörf og eru talin forgangsmatandi til að viðhalda vexti.
- OECD hefur greint ráð sem miða að því að efla rauntekjur og atvinnu með „stefnt að vexti“ greiningu fyrir hvert land innan OECD frá árinu 2005 og nú á síðustu árum fyrir BRIICS löndin. Þetta ferli er hentug leið stjórnvalda til að gera sér grein fyrir endurbótum á sviði stefnumótunar sem hafa áhrif á lífsgæði íbúanna til langs tíma lítið.
- Frá því á ráðstefnunni í Pittsburgh árið 2009 hefur „stefnt að vexti“ lagt sitt af mörkum til vinnuáætlunar G20 ríkjanna til að ná fram styrkum, sjálfbærum og jöfnum vexti, einkum með tilstilli hins svonefnda sameiginlega greiningarferlis.
- Hjá hverju landi eru skilgreind fimm forgangssvið sem byggð eru á getu þeirra til að bæta lífskjör til lengri tíma með aukinni framleiðni og atvinnu. Forgangsmatandi ná í stórum dráttum yfir reglugerðir um afurða- og vinnumarkaði, menntun og þjálfun, skatta- og bótakerfi, reglur um verslun og fjárfestingu svo og nýsköpunarstefnu.

Í þessari útgáfu er farið yfir framfarirnar sem orðið hafa á grundvelli fyrri ráðlegginga og greining gerð á nýjum forgangsatríðum til skamms tíma. Einnig er litið á hugsanleg áhrif af „stefnt að vexti“ ráðleggingum á opinber stefnumið önnur en aukningu vergrar landsframleiðslu.

Í 1. kafla er í upphafi farið yfir framfarir sem orðið hafa í löndunum síðan 2011 við að fást við forgangsatríði í stefnumótun sem greind hafa verið í fyrri útgáfum af „stefnt að vexti“ og síðan er litið að nýju á forgangsatríði sem miða að því að endurverkja sjálfbæran vöxt og auka atvinnu með hliðsjón af lélegum efnahagshorfum til skamms tíma litið.

Í 2. kafla er farið yfir hugsanlegar aukaverkanir sem kunna að fylgja í kjölfarið á ráðleggingum um eflingu efnahagsvaxtar á tvö önnur svið velferðar - tekjudreifingu og umhverfismál. Einnig eru könnuð hugsanleg áhrif þeirra ráðstafana til endurbóta sem lagðar eru til á innra ójafnvægi (fjárlög) og ytra ójafnvægi (viðskiptajöfnuð). Þetta er gert í þeim tilgangi að lýsa helstu áhrifaleiðum og að greina hugsanlegar málamiðlanir og samverkandi áhrif í stefnumótun.

Hin fimm forgangsatríði í stefnumótun sem greind eru fyrir hvert land eru tekin saman í stuttu máli í athugasemdum um einstök lönd í 3. kafla. Valið á forgangsatríðum í stefnumótun er að miklu leyti byggt á viðamiklu safni af mælitækjum sem gera kleift að bera saman stefnumótandi aðgerðir milli landa og eru þau kynnt 4. kafla.

## Helstu skilaboð um stefnumótun

### *Framfarir í stefnumótun og forgangsröðun*

- Hvað varðar OECD ríki þá hafa aðgerðir í tengslum við forgangsverkefni staðið hvað hæst síðan „stefnt að vexti“ áætlunin fór af stað og sýnir það aukna viðurkenningu á þörfinni á kerfisbreytingum til að endurreisa samkeppnishæfni og fjárhagslega sjálfbærni til að komast aftur inn á braut vaxtar að lokinni kreppu.
- Endurbætur hafa gengið hvað hraðast fyrir í löndum innan evrusvæðisins í tengslum við áætlanir um fjárhagslega aðstoð eða beinan þrýsting frá markaði (t.d. Grikkland, Írland, Ítalía, Portúgal og Spánn) og einnig á sviðum sem eru pólitískt viðkvæm svo sem varðandi reglugerðir um verkalýðsmál og velferðarkerfi. Þessi lönd stefna einnig að því að innleiða umtalsverðar aðhaldsaðgerðir. Þetta er í mótvægi við hinn mun hægari gang endurbóta í öðrum löndum evrusvæðisins, einkum þeim sem hafa jákvæðan viðskiptajöfnuð svo og þeim löndum þar sem lífsgæði eru mest (t.d. í Noregi, Sviss og Bandaríkjunum). Þó myndi öflugra endurbótastarf í þessum löndum stuðla að því að endurheimta jafnvægi, jafnt innan evrusvæðisins sem á heimsvísu. Það myndi einnig efla trúverðugleika aðhaldsaðgerða á sviði fjármála.
- Aðgerðir varðandi forgangsverkefni hafa verið frekar öflugar í löndum -Mið-Evrópu en gengið hæggar að meðaltali í BRIICS löndunum sem er að hluta til merki um að þrýstingur vegna mildari kreppuáhrifa hefur ekki verið eins mikill í þeim löndum. Þrátt fyrir þetta hefur árangur náðst í því að draga úr umfangi ríkisafskipta af viðskiptum, endurbótum á gegnsæi í reglum um afurðamarkaði og í eflingu grunnmenntunar.
- Séu forgangsatríði „stefnt að vexti“ verkefnanna á árunum 2011 og 2013 borin saman er athyglisverðasta breytingin hin greinilega aukning á forgangsverkefnum sem beinast að eflingu atvinnu í OECD löndunum, einkum varðandi félagslegar bætur og virka stefnu í atvinnumálum og endurspeglar þetta að menn beina sjónum í auknum mæli að arfi vinnumarkaðarins eftir kreppuna sem einkenndist af hægum bata og tengdum vandamálum við að aðstoða atvinnulaust fólk í að snúa aftur til vinnu. Öflugri áhersla á virkan vinnumarkað og stefnu á sviði félagslegrar aðstoðar er að miklu leyti í samræmi við kerfisbreytingar innan landanna sjálfra og helstu forgangsatríði þeirra eins og kemur fram í samhengi við aðgerðaáætlanir G20 landanna.
- Mikill þrýstingur er á að draga úr atvinnuleysi, einkum á evrusvæðinu. Ráðleggingar um endurbætur á skatta- og tryggingakerfinu, virka stefnu í atvinnumálum og lagasetningu um atvinnuvernd eru þess vegna mjög algengar, jafnvel þótt endurbætur á afurðamörkuðum séu einnig áberandi ekki síst í þjónustugeiranum þar sem þar er unnt að auka atvinnustig tiltölulega hratt. Í hinum tiltölulega vel stæðu OECD löndum sem eftir eru, einkum Japan og Kóreu, er meiri áhersla lögð á að efla framleiðni starfsmanna og stefnt er að endurbótum á reglum varðandi netkerfi, skattamál, takmarkanir á erlendum fjárfestingum og niðurgreiðslur til landbúnaðar. Endurbætur á skattkerfinu eru einnig forgangsatríði fyrir Bandaríkin ásamt því að nauðsynlegt er að efla hagkvæmni og jafnræði í mennta- og heilbrigðisgeiranum.
- Hvað varðar lágtekjulönd eins og Mexíkó, Tyrkland og BRIICS löndin hefur vöxtur almennt verið öflugur þar til alveg nýlega en eitt svið sem menn hafa áhyggjur af varðar gæði menntakerfa og að þau séu fyrir alla, afkastagetu og stjórn á innra kerfi og hve algengar hindranir eru gagnvart samkeppni og fjárfestingum bæði fyrir innlend og erlend fyrirtæki. Óformleg atvinnustarfsemi veldur einnig efnahagslegum og félagslegum skaða í flestum þessara landa og fjöldi ráðlegginga fjallar t.d. um skatta- og bótakerfi og vinnuvernd sem miðar að því að draga úr óformlegri atvinnustarfsemi.

## Hugsanleg hliðaráhrif endurbóta sem miðast að eflingu vaxtar

- Komið hefur í ljós að margar af þeim stefnubreytingum sem lagðar eru til hafa annað hvort stuðað að því að önnur markmið um velferð hafa nást eða reynst áhrifalaus með öllu. Þó kunna allnokkrar ráðleggingar að vera í mótsögn við markmiðin um endurdreifingu eða umhverfisvernd og stefnumótandi aðilar þurfa að hafa í huga slíkar málamiðlanir til að hanna flokka stefnumótandi aðgerðir sem henta markmiðum þeirra sem best.
- Með því að færa skattlagningu frá beinum sköttum til neysluskatta, umhverfisskatta og fasteignaskatta svo sem mörg lönd fá ráðleggingar um til að efla vinnumarkað og fjárfestingar gæti það stangast á við markmið um jafnræði nema hliðarráðstafanir séu mótaðar til að létta á eða gera sem minnst úr óhagstæðum áhrifum á tekjudreifingu.
- Aðgerðir á sviði vinnuverndarlöggjafar, stofnana sem sinna launasamningum svo og varðandi lágmarkslaun sem mælt er með til að bæta atvinnutækifæri fyrir lítt menntaða starfsmenn og ungt fólk kunna að auka launamismun og þannig auka launamisrétti til skamms tíma litið. Þessi áhrif kunna að eyðast að hluta eða öllu leyti til lengri tíma þegar atvinnumöguleikar aukast fyrir þessa starfsmenn, einkum þá sem eru með veik tengsl við vinnumarkaðinn.
- Endurbætur til að efla efnahagslega starfsemi setja almennt meiri þrýsting á náttúruauðlindir, til dæmis með aukinni útgufun gróðurhúsalofttegunda, sörpmyndun og vatnstöku. Þrátt fyrir þetta munu sumar þessara ráðlegginga einnig stuðla að því að efla verga landsframleiðslu í framtíðinni með því að hækka kostnað við aðgerðir sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið. Þetta á einkum við um ráðleggingar um að færa skattlagningu frá vinnu yfir á mengandi útgufun. Einnig munu endurbætur sem efla samkeppni á mörkuðum fyrir vörur og þjónustu og efla nýja dreifingu auðlinda styrkja hagkvæmni aðgerða á sviði umhverfismála sem byggja á markaðslausnum með því að auka næmni fyrir verðbreytingum.
- Kerfisbreytingar sem stuðla að vexti hafa bein skammtímaáhrif á fjárhagsáætlanir ríkisstjórna þegar innleiðing þeirra krefst aukinna framlaga úr almannasjóðum - eða sem sjaldnar gerist - kallar á niðurskurð á kostnaði í upphafi eða aukningu í tekjum. Til lengri tíma litið verða áhrif kerfisumbóta á fjárhag ríkisins ólík eftir því hvort þau efla vöxt gegnum atvinnu eða framleiðni. Í báðum tilfellum skapa endurbætur auknar skatttekjur en þær eru aðeins líklegar til að bæta úr greiðslustöðu ríkissjóðs ef þær eru á sviði atvinnamála.
- Aðgerðir til umbóta til að draga úr hindrunum gegn þátttöku kvenna í fullri atvinnu og reglugerðir sem koma í veg fyrir þátttöku þeirra í tilteknum geirum eins og ráðleggingar til allmargra landa þar sem ríkir mikið ójafnvægi í viðskiptajöfnuði við útlönd myndi veikja viðskiptajöfnuð með því að draga úr sparnaði og efla fjárfestingar. Á hinn bóginn eru meðal aðgerða í stefnumótun sem eru líklegri til að efla jákvæðan viðskiptajöfnuð að auka samkeppnishæfni útflutningsatvinnuvega með breytingum á skattalöggjöf eða aukinni samkeppni við atvinnuvegi innanlands.

© OECD

### Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights](http://www.oecd.org/rights)



**[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)**

© OECD (2013), *Economic Policy Reforms 2013. Going for Growth*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/growth-2013-en